



Borgarráð

**Tillaga um viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2024**

Lagt er til að viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega árið 2024 verði eftirfarandi:

**Viðmiðunartekjur**

**I. Réttur til 100% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur allt að 5.380.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur allt að 7.510.000 kr.

**II. Réttur til 80% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur á bilinu 5.380.001 til 6.160.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 7.510.001 til 8.320.000 kr.

**III. Réttur til 50% lækkunar**

Einstaklingur með tekjur á bilinu 6.160.001 til 7.160.000 kr.  
Samskattaðir einstaklingar með tekjur á bilinu 8.320.001 til 9.940.000 kr.

Lagt er til að skilyrði lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds fari eftir reglum Reykjavíkurborgar um afslátt af fasteignagjöldum eins þær eru á hverjum tíma.

**Greinargerð:**

Hækkun bóta almannatrygginga á árinu 2023 var 8,65% og er lagt til að hækka viðmiðunartekjur til lækkunar fasteignaskatts og fráveitugjalds elli- og örorkulífeyrisþega um sama hlutfall. Áætlaður kostnaður vegna þessarar tillögu á árinu 2024 nemur 690 milljónum króna og rúmast hann innan fjárheimilda samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2024.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri